

**Stjórn HB Granda hf.**  
**Bt. Kristjáns Loftssonar**  
**Formanns stjórnar**

Með vísan til auglýsingar stjórnar um aðalfund HB Granda hf. frá 19. mars 2015, leggur Gildis-lífeyrissjóður, sem hluthafi í félaginu, fram eftirfarandi tillögur á aðalfundi félagsins, sem haldinn verður 10. apríl 2015.

**Fyrsta tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er tillaga til breytinga á ákvæðum greinar 11.1 samþykktu félagsins. Tillagan er svohljóðandi:**

Við ákvæði 3. másl. greinar 11.1 í samþykktum félagsins bætist eftirfarandi:

*„...og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.“*

Eftirfarandi 5. málsliður greinar 11.1 í samþykktum félagsins falli brott:

*„Einungis er heimilt að kaupa hluti skráða á dagslokagengi á markaði áður en samningur er gerður.“*

Ákvæði greinar 11.1 í samþykktum félagsins hljóði því svo að lokinni breytingu:

Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutfé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hlutahafafundar til handa félagsstjórn og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutfé má ekki vera til lengri tíma en fimm ára hverju sinni.

**Greinargerð með tillögu:**

Fyrri hluti fyrstu tillögu Gildis-lífeyrissjóðs kveður á um að veiti hlutahafafundur stjórn heimild til kaupa á eigin hlutum, þá verði slíkrar heimildar sérstaklega getið í samþykktum. Tillagan er gerð til að bæta gegnsæi samþykktu varðandi útgefið hlutfé - og heimildir til að hafa áhrif á útistandandi hlutfé félagsins. Tilgreining samþykktu á veittri heimild hlutahafafundar til stjórnar til kaupa á eigin hlutum er mikilvæg fyrir hluthafa og aðra fjárfesta, s.s. vegna upplýsinga um umfang slíkra heimilda, tilgang þeirra og verðlagningu.

Þá hafa kaup á eigin hlutum áhrif á atkvæðavægi eignarhluta m.t.t. útgefins hlutafjár annars vegar og útistandandi hlutafjár hins vegar – sem og e.t.v. verðmæti hluta, s.s. ef kaup eru hluti af endurkaupaáætlun.

Skýr tilgreining og afmörkun á heimildum stjórnar til kaupa á eigin hlutum í samþykktum auðveldar hluthöfum og öðrum fjárfestum að gera sér grein fyrir heimildum stjórnar til að hafa áhrif á útistandandi hlutfé.

Í síðari hluta tillögunnar er lagt til að skilyrði um verðlagningu vegna eigin kaupa falli brott. Ákvæðið er ekki í samræmi við núgildandi 3. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög en einnig gengur sérstök tilgreining í samþykktum á verði í viðskiptum með eigin hluti gegn ákveðnum tegundum viðskipta með hluti í félaginu. Nánari útskýring er í greinargerð vegna þriðju tillögu Gildis-lífeyrissjóðs.

**Önnur tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er breytingartillaga við framlagða tillögu stjórnar um starfskjarastefnu HB Granda skv. 4. dagskrárlíð aðalfundarins. Breytingartillagan er svohljóðandi:**

Við ákvæði 6.1 í tillögum um starfskjarastefnu bætist eftirfarandi:

*„Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.“*

Ákvæði 6.1 hljóði því svo að lokinni breytingu:

Starfskjaranefnd er heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn félagsins um að umbuna lykilstarfsmönnum til viðbótar grunnlaunum í formi afhendingar hluta, árangurstengdra greiðslna, hlutabréfa, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, lífeyrissamninga og starfslokasamninga. Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.

#### **Greinargerð með tillögu:**

Með framangreindri breytingartillögu er lagt til að hluthafafundur hafi beina aðkomu að efnislegri umræðu um og samþykki helstu ákvæði varðandi kauprétti og önnur hlutabréfatengd réttindi, m.a. „við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma“ slík réttindi eru lögð til, sbr. ákvæði 3. másl. 1. mgr. 79. gr. a í hlutafélagalögum nr. 2/1995.

Heimild stjórnar til útgáfu kaupréttar og annarra hlutabréfatengdra réttinda er því ekki aðeins bundin við að starfskjaranefnd hafi lagt slíka útgáfu til við stjórn – heldur verði einnig aflað samþykkis hluthafafundar fyrir helstu ákvæðum varðandi kauprétti og önnur hlutabréfatengd réttindi.

Til upprifjunar má benda á að ákvæði 79. gr. a í lögum um hlutafélög – sem kveða á um samþykki hluthafa á tilteknum ákvörðunum sem annars væru á færi stjórnar að taka ákvörðun um. Slík ákvæði sem hluthafafundur hefur samþykkt eru jafnframt bindandi fyrir stjórn – á meðan ákvæði um aðrar árangurstengdar greiðslur eru leiðbeinandi. Um ákvarðanir hluthafafunda vegna hlutabréfatengdra réttinda gilda því strangari reglur og aukin hluthafavernd heldur en um ákvarðanir hluthafafunda vegna annarra árangurstengdra greiðslna.

Með þessu fyrirkomulagi hefur löggjafinn kallað eftir aukinni aðkomu, aðhaldi og ábyrgð hluthafa á ákvarðanatöku um að veita stjórnendum hlutabréfatengd réttindi sem hluta af starfskjörum.

En til að geta tekið þátt í slíkri ákvörðun þurfa hluthafar að hafa nauðsynlegar efnislegar forsendur og upplýsingar um ákvörðunina – enda væri tilgangslaust að veita stjórn opna heimild til að gefa út kauprétti til stjórnenda. Skilyrði laganna er því að hluthafar taki afstöðu til þess „hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvað ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum til viðbótar grunnlaunum...“. Hafi hluthafar ekki þessar forsendur við ákvarðanatökuna - heldur veiti almennt umboð til útgáfu kaupréttar – er tilgangi laganna ekki náð um efnislega aðkomu hluthafa að þessum ákvörðunum.

**Þriðja tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er breytingartillaga við framlagða tillögu stjórnar um að stjórn fái heimild til kaupa á eigin hlutum skv. 8. dagskrárlíð aðalfundarins. Breytingartillagan er svohljóðandi:**

Við 1. málslið í tillögu stjórnar bætist eftirfarandi:

*„..., í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“*

Svohljóðandi 3. málsliður í tillögu stjórnar falli brott:

*„Kaupgengi skal miða við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en kaupsamningur er gerður.“*

Tillagan hljóði því svo að lokinni breytingu:

Aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma.

**Greinargerð með tillögu:**

Í tillögunni felst að heimild til kaupa á eigin hlutum verði ekki almenn, heldur verði hún afmörkuð við að kaupin verði liður í viðskiptavakt með bréf félagsins og/eða formlegri endurkaupaáætlun. Ítarlegar reglur gilda um upplýsingaskyldu og framkvæmd slíkra viðskipta með eigin hluti félagsins sbr. tilvitnuð ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, sem tryggja gegnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti.

Nauðsynlegt er að heimildir stjórnar til kaupa á eigin hlutum séu skýrar og afmarkaðar m.t.t. umfangs þeirra, tilgangs og verðlagningar. Í samræmi við það er tillaga Gildis-lífeyrissjóðs lögð fram til skýringar og betri afmörkunar á umboði stjórnar til kaupa á eigin hlutum.

Framlögð tillaga stjórnar um tilgreiningu á verði vegna kaupa á eigin hlutum er ekki í samræmi við breytingu sem gerð var á ákvæði 3. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með lögum nr. 132/2014. Breytingin hljóðar á þá leið að félagi sem hefur fengið hluti sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) sé ekki heimilt að kaupa eigin hluti á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs miðar ekki að því að lagfæra ákvæði um verðlagningu, enda verður verðtilgreiningin óþörf ef kaupin eru vegna viðskiptavaktar og/eða endurkaupaáætlunar í samræmi við tilvitnuð lagaákvæði. Því er gerð tillaga um að skilyrði um verðlagningu falli brott.

Að lokum er rétt að áréttu að verði framangreind tillaga Gildis-lífeyrissjóðs um brottfall tilgreiningar á verði í viðskiptum með eigin hluti skv. ákvæði 11.1 í samþykktum félagsins og/eða breytingartillaga Gildis-lífeyrissjóðs vegna heimildar til kaupa á eigin hlutum - ekki samþykkt(ar) á aðalfundi HB Granda - verður engu að síður nauðsynlegt að leggja fram breytingartillögu(r) á fundinum þannig að tilgreining á verðlagningu samræmist núgildandi ákvæðum 2. másl. 3. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

**Reykjavík 31. mars 2015**

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs

Árni Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri